

Ég er fædd í Reykjavík um miðja síðustu öld.

Uppalin við bænir og sótti fundi hjá KFUK um leið og ég hafði aldur til. Þar tek ég trúarskrefin mín undir dyggri leiðsögn leiðtoga, sem lögðu sál sína í barna og unglíngastarf innan félaganna.

Þessi ár mótuðu lífssýn mína til framtíðar og hafa þroskað mig sem einstakling.

Þar var mér var trúað fyrir ýmsum verkefnum m.a. sem stjórnarkona og síðar formaður KFUK.

KFUM og K reka öflugt barna og æskulýðsstarf í góðu samstarfi við þjóðkirkjuna.

Ég er farsæl eiginkona, fjögurra barna móðir og fimm barna amma.

Lærð Ljós móðir, hætti störfum 2018 eftir mörg gjöful ár á Fæðingardeild Landspítalans.

Frá barnsaldri hef ég sett saman vísur og ljóð. Hef gefið út þrjár ljóðabækur allar með trúarlegu ívafi.

Trúin á Jesú er minn drifkraftur.

Með því að rækta trú mína öðlast ég dýpri skilning og betra innsæi.

Ég er varamaður í sóknarnefnd Breiðholtskirkju, sem styður framboð mitt til Kirkjuþings, og er ég þeim þakklát fyrir það.

Í Breiðholtskirkju eru haldnar Tómasarmessur í lok hvers mánaðar. Ég hef frá upphafi tekið þátt í fyrirbænaþjónustu í þeim messum.

Kyrrðarstarf fyrir konur er mér afar hugleikið. Gegnum árin hef ég verið þáttakandi í slíku og síðustu 5 ár hef ég, ásamt fjórum kirkjunnar konum, leitt Kyrrðardaga kvenna í Skálholti.

Þeir eru haldnir tvisvar á ári. Síðustu tvö skiptin voru þeir á Löngumýri í Skagafirði. Skálholt er helgur staður.

Þar hefur Guð verið tilbeðinn og dýrkaður gegnum aldirnar.

Helsta hlutverk Skálholts er samkvæmt skilgreiningu

þjóðkirkjunnar, að standa vörð um kristna trú, að efla ríki Guðs á jörð.

Til að þessi markmið náist tel ég mikilvægt að efla starfsemi kyrrðardaga og bjóða upp á námskeið þar sem fram fer iðkun Kyrrðarbænar og íhugunar. En til þess þarf Skálholtsstaður að hafa fjármagn og getu.

Ég hef gott bakland verði ég kjörin til setu á Kirkjubing.

Mínar áherslur eru þessar:

Að öflugt Kyrrðarsetur verið rekið í Skálholti.

Að hver söfnuður eigi sér fyrirbiðjendur í formi bænahópa sem mynda bakland fyrir kirkjuna.

Að barna og æskulýðsstarf fái að vaxa og eflast

Að kirkjan megi laða til sín fólk og geti mætt andlegum þörfum þess í kærleika.

Í spádómsbók Jeremía 29.11 segir Drottinn: „Því að ég þekki þær fyrirætlanir, sem ég hefi í hyggju með yður, fyrirætlanir til heilla en ekki til óhamingju, að veita yður vonarríka framtíð“.

Mættum við öll sameinast um að gera íslensku þjóðkirkjuna að vettvangi, þar sem fyrirætlanir Guðs geta orðið að veruleika í nútíð og framtíð, þjóð okkar og kirkju til heilla.

Mig langar að leggja mitt að mörkum.

Guð gefi mér styrk til þess

Reykjavík 05.05.22

Þórdís Klara Ágústsdóttir